

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 2005-2017, Gróðurmörk 4-6 (Smyrlaheiði 1-10).

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 1. desember 2006 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 2005-2017, frá 23. maí 2006.

Breytingin felst í því að landnotkun á lóðunum nr. 4-6 við Gróðurmörk breytist úr blönduðu svæði fyrir íbúðir og landbúnað í svæði fyrir íbúðir auk þess sem þéttleiki byggðar innan reitsins breytist úr 10 íbúðum í 26 íbúðir á ha.

Uppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hveragerðis. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 1. desember 2006.

Jónína Bjartmarz.

Ingibjörg Halldórsdóttir.